

Sveitarfélagið Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes

Reykjavík, 13. apríl 2021  
UST202010-101/E.B.S.  
09.03

### **Efni: Tillaga að friðlýsingu Borgarvogs lögð fram til kynningar**

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarfélagsins Borgarbyggðar, kirkjuráðs og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, hefur unnið tillögu að friðlýsingu Borgarvogs sem friðlands, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillagan er nú lögð fram til kynningar.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd annast Umhverfisstofnun undirbúning friðlýsingar og skal stofnunin gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Jafnframt skal kynna landeigendum og öðrum réttihöfum lands rétt til bóta.

Í 42. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um rétt til bóta vegna friðlýsinga. Þar kemur fram að ef friðlýsing hindrar fyrirhugaða nýtingu landeiganda eða réttihafa lands á landinu eða gerir hana til muna erfiðari, umfram það sem teljast má til almennra takmarkana eignarréttar, skal landeigandi eða réttihafi lands eiga rétt á bótum fyrir fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir og getur sýnt fram á að sé verulega umfram þær takmarkanir sem má finna í sambærilegum friðlýsingum eða ákvörðunum. Landeigendur og aðrir réttihafar sem telja sig eiga rétt til bóta skulu bera fram bótakröfu við ráðherra innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar um friðlýsingu. Ef ekki næst samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

Tillöguna að friðlýsingarskilmálum fyrir Borgarvog ásamt tillögu að hnitsettum mörkum fyrir svæðið er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 14. júlí 2021. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun veur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnarsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Eva B. Sólan ([evasolan@ust.is](mailto:evasolan@ust.is)) og Hildur Vésteinsdóttir ([hildurv@ust.is](mailto:hildurv@ust.is)) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Eva B. Sólan  
lögfræðingur

Hildur Vésteinsdóttir  
teymisstjóri

*Fylgiskjöl:*

Tillaga að friðlýsingarskilmálum og mörkum svæðisins.